

Byggingarnefnd íþróttamannvirkja í Búðardal

Fundargerð, 1. fundur.

Fundur haldinn í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal 21. febrúar 2022. Fundurinn hófst kl. 16:00.

Fundarmenn: Einar Jón Geirsson, Guðlaug Kristinsdóttir, Kristján Sturluson, Ragnheiður Pálsdóttir, Skúli Guðbjörnsson og Þuríður Sigurðardóttir. Jón Katarínusson var fjarverandi þar sem fjarfundarboð til hans misfórst. Auk þess sátu fundinn Kristján Ingi Arnarsson og Sæþór Kristinsson starfsmenn Dalabyggðar.

1. Kosning formanns og ritara.

Skúli Guðbjörnsson kosinn formaður og Kristján Sturluson ritari.

2. Farið yfir stöðu verkefnisins.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að bjóða út jarðvinnu og miðað er við að það verk verði unnið í sumar.

Beðið er eftir þíðu til að gera jarðvegsrannsóknir.

Taka þarf ákvörðun um alútboð.

Kristján Ingi mun senda hugleiðingar um stöðuna og teikningar.

Kristján S. mun hafa samband við RARIK varðandi magna f heitu vatni og verð.

3. Stærð sundlaugar.

Umræða um hvort byggja eigi Sundlaug 16x8 metrar eða 25x6 metrar.

Samþykkt (5 með, 1 móti) að leggja til við sveitarstjórn að sundlaugin verði 25x6 metrar.

4. Alútboð eða annars konar útboð.

Rætt. Ákveðið að fá Önnu og Ragnar frá Verkís á fund nefndarinnar.

Næsti fundur verður 7. mars kl. 16:00.

Fundi slitið kl. 17:00.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson